

Svar

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Arnbjargar Sveinsdóttur um ferðakostnað sjúklinga og aðstandenda þeirra.

1. *Hvaða reglur gilda um greiðslu ferðakostnaðar sjúklinga og aðstandenda þeirra innan lands?*

Í gildi eru reglur nr. 213/1999 með þremur seinni breytingum, þ.e. nr. 927/2000, nr. 762/2002 og nr. 465/2003.

Þessar upplýsingar og ferðareglur má sjá nákvæmlega á heimasíðum heilbrigðisráðuneytis og Tryggingastofnunar ríkisins.

2. *Hver er taxtinn á kílómetragjaldi vegna aksturs?*

Viðmiðunargjald á ekinn km við akstur eigin bifreiðar í ferð sjúklings innan lands er nú 16,05 kr.

3. *Hvernig er ákvörðunartöku háttáð um þann taxa?*

Viðmiðunargjaldið er ákveðið upphaflega með reglum um ferðakostnað (nú nr. 213/1999) og breytist í hlutfalli við akstursgjald ríkisstarfsmanna samkvæmt auglýsingu ferðakostnaðarnefndar á hverjum tíma.

4. *Hefur ráðherra íhugað endurskoðun á þeim taxa?*

Ráðherra hefur ekki ráðgert breytingu á því fyrirkomulagi sem nú gildir.

5. *Hvernig er greitt fyrir dvalarkostnað?*

Reglur um ferðakostnað sjúklinga innan lands gera ekki ráð fyrir greiðslu á dvalarkostnaði. Líknarfélög, Landspítali og ýmis stéttarfélög bjóða upp á ódýrt húsnæði í höfuðborginni. Rauði krossinn (sjúkrahótel), Reykjalundur og Heilsuhælið í Hveragerði eru t.d. með þjónustusamninga við ráðuneytið þar sem sjúklingar greiða ýmist ekkert eða tiltölulega lágt gjald fyrir sólarhringsgistingu.

6. *Er í einhverjum tilfellum greitt fyrir vinnutap foreldra og fylgdarmanna barna?*

Vinnutap aðstandenda í sjúkdómstílfellum er ekki bætt, nema ef telja skyldi í þann flokk áframhald greiðslna umönnunarbóta í þeim tilfellum þegar börn dvelja á sjúkrahúsum.

7. *Að hve miklu marki greiða vinnuveitendur og sjúkrasjóðir fyrir vinnutap foreldra vegna ferða þeirra með börn sín til þess að leita sérfræðiþjónustu eða til sjúkrahúsvistar?*

Upplýsingar af þessu tagi liggja ekki fyrir hjá ráðuneytinu.

8. *Mun ráðherra beita sér fyrir endurskoðun á reglum um ferðakostnað og vinnutap foreldra með það að markmiði að jafna búsetuskilyrði í landinu?*

Fyrsta skrefið hefur verið stigið til að breyta umhverfi reglna um ferðakostnað sjúklinga innan lands með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, sem nú liggur fyrir Alþingi, en sú breyting lýtur að því að færa tillögurétt tryggingaráðs um ferðakostnað alfarið til ráðuneytis.

Breytingar á ferðakostnaði foreldra með tilliti til greiðslu vinnutaps í því augnamiði að jafna búsetuskilyrði í landinu verða vart unnin að ráði nema til komi samvirkt átak ríkis, vinnumarkaðar og sjúkrasjóða stéttarféлага í landinu, sem innheimta 1% launasummu allra vinnandi manna í landinu til að mæta erfiðleikum fólks á vinnumarkaði í veikindum.